

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

438. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 20. nóvember 2020. Fundurinn er settur klukkan 14:01. Fundurinn er fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Hjördís Ýr Johnson í forföllum Birkis Jóns Jónssonar, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestir á fundinum eru Kristín Soffía Jónsdóttir borgarfulltrúi, Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður, ráðgjafi stjórnar og framkvæmdastjóra, og Páll Guðjónsson verkefnastjóri.

Páll Guðjónsson situr fundinn undir liðum 1 og 2.

Kristín Soffía Jónsdóttir situr fundinn undir lið 4.

Tekið fyrir

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Frestað til næsta fundar.

2. Minnisblað um útfærslu á eigendasamkomulaginu varðandi urðun í Álfnesi.

Framkvæmdastjóri og Páll Guðjónsson gera grein fyrir minnisblaði um nánari útfærslu á eigendasamkomulagi varðandi urðin í Álfnesi. Minnisblaðið rætt og eftirfarandi bókað:

„Í forsendublaði eigendafundar SORPU hinn 12.10 2020 var eftirfarandi samþykkt vegna urðunar í Álfnesi:

„Áfram skal byggt á því að urðun skuli hætt á urðunarstað í Álfnesi á árinu 2023 eins og eigendur komu sér saman um með viðauka við eigendasamkomulag SORPU bs., dags. 6. júlí 2020. Framkvæmd skal þó breytt frá því sem fyrirhugað var, þannig að allur brennanlegur úrgangur sem til fellur hjá SORPU bs. verði urðaður í Álfnesi árið 2021 en þar á móti verði heimildir til urðunar á brennanlegum úrgangi árin 2022 og 2023 lækkaðar, þannig að ekki verði aukning á urðun brennanlegs úrgangs á tímabilinu 2021-2023. Samhliða verði enn frekari áhersla sett á hraðan yfirborðsfrágang á urðun í rein 20 og beitt öllum aðferðum við að draga úr urðun sem valdið getur óþægindum fyrir nærliggjandi byggðir.“

Í ofangreindri samþykkt er ekki kveðið á um heildarmagn urðunar á brennanlegum úrgangi sem flyst á milli ára m.v. ákvæði í viðauka frá 6. júlí 2020 við eigendasamkomulag SORPU frá 25. október 2013. Í ljósi þess samþykkir stjórn SORPU að útfærsla á tilfærslu á urðun á brennanlegum úrgangi á milli ára í ofangreindri samþykkt eigendavettvangsins verði sem eins og fram kemur í neðangreindum töflum:

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS 2021-2023, MEGINFLOKKAR

Núverandi aðgerðaáætlun og eigendasamkomulag

	2021	2022	2023	Samtals tímabilið
Lífrænn úrgangur	6,000	0	0	6,000

brennanlegur úrgangur	31,000	31,000	31,000		93,000
óvirkur úrgangur	18,000	18,000	18,000		54,000
ÁLFSNES, URÐUN ALLS	55,000	49,000	49,000		153,000
Lífrænt, meðh. GAJA	30,000	36,000	39,000		105,000
Áætlaður útflutningur	22,000	22,000	22,000		66,000
SAMTALS HEILD	107,000	107,000	110,000		324,000

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS 2021-2023, MEGINFLOKKAR

Útflutningi frestað um eitt ár, magn í urðun innan eigendasamkomulags - tilfærsla á brennanlegu innan tímabils

	2021	2022	2023		Samtals tímabilið
Lífrænn úrgangur	6,000	0	0		6,000
brennanlegur úrgangur	53,000	20,000	20,000		93,000
óvirkur úrgangur	18,000	18,000	18,000		54,000
ÁLFSNES, URÐUN ALLS	77,000	38,000	38,000		153,000
Lífrænt, meðh. GAJA	30,000	36,000	39,000		105,000
Áætlaður útflutningur	0	33,000	33,000		66,000
SAMTALS HEILD	107,000	107,000	110,000		324,000

Í þessu felst að ekki verður vikið frá ákvæðum viðaukans um heildarmagn urðunar í Álfnesi á tímabilinu 2021 - 2023.“

3. Minnisblað um gjaldskrárbreytingar í kjölfar breytinga hjá Úrvinnslusjóði.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um gjaldskrár endurvinnsluefna í kjölfar breytinga hjá Úrvinnslusjóði. Minnisblaðið rætt og stjórn samþykkir einróma að breyta gjaldskrár í samræmi við minnisblaðið. Breytingarnar taka þegar gildi.

4. Kynning á Græna viðskiptahraðlinum

Kristín Soffía Jónsdóttir kynnir Græna viðskiptahraðalinn.


Stjórn SORPU bs. lýsir yfir vilja til þátttöku í hraðlinum með markvissum og öflugum hætti svo verkefni á sviðum úrgangsminnkunar, endurvinnslu- og nýtingar og til að stemma stigu við loftslagsbreytingum af mannavöldum nái fram að ganga. Það er von stjórnar að sú sérþekking sem starfsfólk SORPU bs. býr yfir nýtist á jákvæðan og uppbyggilegan hátt í framtíðar nýsköpunarverkefnum Græna viðskiptahraðalsins.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri vék stuttlega að samstarfinu við Ýmir technologies.

6. Næsti fundur

Formaður boðar næsta fund samkvæmt starfsáætlun stjórnar.



Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 15:04.